

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Nóvember 2008

Punktur Ármanns af ráðstefnu um veiðigæði á Íslandi

Hinn 25. október sl. var fjallað um „Veiðigæði á Íslandi“, á málþingi um stöðu og þróun stangveiði – á Grandhótel Reykjavík – í boði Landssambands stangveiðifélaga, Landssambands veiðifélaga og Veiðimálastofnunar, á afmælisári Landssambands veiðifélaga.

Nr. 726 var á staðnum og rapporterar svo: Fundarstjóri setti þingið, og skilgreindi veiðigæði sem „það sem fæst út úr veiðinni miðað við verð sem er greitt fyrir“, og tók fram að til þingsins hefði verið boðað og titlar samdir áður en íslenska efnahagsundrið tók nýju stefnuna.

Á þinginu kom fram að nú veiðir þriðungur íslensku þjóðarinnar á stöng og vind-sældir aukast. Verð á veiðileyfum hefur hækkað (of) mikið undanfarið, og líkur benda til að ásókn aukist í ódýrari veiðileyfi á næstu misserum, og að vinsældir silungsveiða muni eftir því aukast.

Bjarni Júlíusson svaraði samviskuspurningunni „Er stangveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði?“ ágætlega – færði rök fyrir því að hann hefði þrátt fyrir allt stjórn á „neyslunni“ og sæktist þrímert eftir náttúruupplifun. Hann og fleiri sýndu ýmsa statistik um veiði og kostnað. Verðþróun veiðileyfa var rakin og sýndur óhagstæður samanburður við aðrar freistingar sem menn glepjast til að kaupa. Ástæður mikilla hækkana eru helstar taldar hagsæld og eftirspurn fjármálastofnana, sem viss teikn eru nú á lofti um að muni breytast. Jafnvel mætti búast við hruni í sölu dýrari veiðileyfa og að fleiri muni nú hagræða í sölu og sníða stakka að vexti sannra veiðimanna, „not at any cost“ (Guð láti gott á vita).

Margir leigusamningar um veiðirétt eru bundnir nokkur ár fram í tímann, og í ljósi efnahagsástandsins er líklegt að látið verði reyna á einhverja þeirra „með einum eða öðrum hætti“. Undanfarið hefur orðið samþjöppun á stangveiðileyfamarkaði, leigutakar veiðiréttinda eru færri og stærri, sem



skapar veiðifélögum aukna áhættu þegar þrengir að í efnahagslífinu. Því má greina bresti í innlendum veiðileyfamarkaði, en veiðigleðin er einnig útflutningsvara, og Óðinn Sigþórsson bað menn „gæta þess að nýting auðlindarinnar verði ekki töluð niður innanlands“.

Íslenskir stofnar laxfiska eru fjölbreyttir, en minni þekking er á silungi en laxi, og laxar voru mun framar í sviðsljósinu á málþinginu en silungar. Veltan í laxaveiðum hefur verið mun meiri, en fullrytt var að veiðiveltuna mætti tvöfalda með „betri nýtingu silungs“. Meðal annars sakir ónógrar kunnáttu á háttum á silunga, er tilhneiging til að rækta lax „alls staðar“, en víða væri hugsanlega heppilegra að rækta fisk sem er á staðnum. Fjárveitingar til uppbyggingar veiðigæða og rannsóknna þar að lútandi voru sagðar naumt skammtaðar.

Á útbreiðslusvæði laxa í heiminum er lax útdauður í 27% áa og í hættu í öðrum 30%. Íslenski laxinn er hinsvegar stöðill og í sókn síðustu ár, m.a. vegna veiða og sleppa-fyrirkomulags og hafbeitar-sleppinga í mörgum ám, einnig hefðu seiðasleppingar í „náttúrulegar laxaár“ aukist. Stórlaxi hnignar og mikilvægt að þyrma lífi stórlaxa í veiði sakir áhrifa erfða á viðgang hans.

Fullrytt var að Íslendingar búi að „einstakri löggjöf og stjórnskipulagi“ um stangveiði, og þeirri framtíðarsýn lýst að: tryggja beri að sjálfbær veiði verði í öndvegi í veiðiám sem byggja á náttúrulegri framleiðslu/grundvöllur veiðinýtingar byggji á haldgóðri vísindalegri þekkingu/fiskrækt í náttúrulegum vatnakerfum valdi ekki óafturkræfum breytingum á stofnum.

Eftir framsögur var fundarmönnum gefið tækifæri til að tjá sig og spyrja frummælendur.

Þar var m.a. rætt um rannsóknir á veiðimönnum og veiðimennsku, um uppkaupt útlendinga á veiðisvæðum sem hluta bújarða, um aðgang Íslendinga/almenninga að veiðigæðum, um framboð á veiðileyfum/veiðitækifærum, um sleppingu laxaseiða á silungaslóð, og um eftirfylgju laga sem varða veiðigæði.

Málþingið var fínt framlag til aukins skilnings á veiðidellunni, forsendum hennar og umhverfi. Erindin voru fróðleg og skemmtileg, en efni þeirra auðvitað misjafnlega auðmelt. Óbreyttur Árnaður skilur á augabragði áhyggjur af verðlagi veiðileyfa, en áttar sig ekki jafn auðveldlega á því í hverju yfirburðir íslensku lagaumgjörðarinnar felast (m.a. kom fram að ekki eru skilgreind viðurlög við ákveðnum lögbrotum sem margir virðast stunda). Né heldur hver mótar heildarsýn á nýtingu veiðigæðanna, eða hvernig fjármagns er aflað og því ráðstafað til rannsókna og þróunar.

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.
Ritstjórn og ábyrgð: Ragnar Hólm Ragnarsson, ragnarh@akureyri.is.
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Frum ehf.
www.armenn.is / armenn@armenn.is

Viðtal við Ármann nr. 447 um hátterni Hlíðarvatnsbleikju, uppeldi veiðimanna og stein í skó



Það fór ekki framhjá neinum sem veiddu fyrri hluta sumars í Hlíðarvatni að nöfnin Ari Sæm og E. Sæm fylltu heila síðu í veiðibókinni. Hverjir eru þessir menn? Samkvæmt félagskrá Ármanna eru þetta bræður á miðjum aldri, Ari og Evald Sæmundsen, ættaðir úr Húnavatnssýslu og af Hornströndum, og hafa verið með veiðibakteríu í blóðinu frá fæðingu - eða öllu heldur, veiðiveiru. Ari Kristján Sæmundsen er veirufræðingur að mennt, lauk doktorsprófi í Stokkhólmi árið 1983 með ritgerð um Epstein-Barr-veiruna, sem meðal annars veldur einkirnissótt. Eftir að námi lauk vann hann um skeið á rannsóknastofu Landspítalans í veirufræði en fékk fljótlega meiri áhuga á dótinu í kringum starfið og stofnaði fyrirtækið Gróco ehf. sem flytur inn alls kyns búnað fyrir rannsóknastofur. Tíðindamaður Áróðs hélt upp í Grafarvog einn morgun í þriðju viku bankakreppunnar og fékk kaffi og súkkúlaðiköku hjá Ara. Eftir að hafa farið yfir stöðu efnahagsmála og samhengi þeirra við verð á veiðileyfum snúum við okkur að því sem máli skiptir:

Heil síða í veiðibókinni í einum tús, Ari. Sumir Ármenn fylla varla hálfu síðu eftir mörg ár og marga veiðitúra. Var þetta tilviljun?

Já, ég held ég verði að viðurkenna það. Veiði í maí er óttalegur hittingur. Við vorum í Hlíðarvatni í fyrra, fjórir filefdir karlmenn með þrjár stangir, og fengum ekki högg. Á þessum tíma er bleikjan enn úti í djúpinu, er ekki búin að hópa sig, og maður kannski reitir upp eina hér og eina þar. Við komum svo í vor, ég og Elli bróðir (#383). Við fórum ekkert út um kvöldið því það var svo leiðinlegt veður. Um morguninn fórum við svo á hefðbundna staði, t.d. Gömlu vör og Réttarnef, svona til að rannsaka, og enduðum með því að ganga austur með Botnavík, í Skollabolla og á Austurnes og erum komnir þar um hádegi. Þá er bleikja að vaka á grynningunum. Við stóðum í ökkuladjúpu vatni og nánast allt sem fór í vatnið var tekið. Elli hefur veitt þarna miklu lengur en ég og þekkir vatnið eins og lófana á sér og hann hafði aldrei upplifað annað eins í maí. Þetta varir í tvo tíma og við erum farnir að leika okkur að því að prófa ýmis konar flugur og hún tekur allt - „anything goes“. Svo gerði ég þau reginmistök að bóka fiska sem ég sleppti. Ef ég hefði ekki asnast til þess þá hefði enginn tekið eftir þessu.

Hvernig getur óreyndur veiðimaður metið af aðstæðum hvort einhver von er um fisk?

Það veit ég ekkert um, horfa í kringum sig, en það veðist betur við sumar aðstæður en aðrar. Ég man að farfluglar voru að koma inn í hópum, til dæmis spóar – ég hef aldrei séð þetta áður – veðrið var mjög sérstakt, stillt veður en svolítt andvari og það blés fyrir mynnið á vikinni en lygna á grynningunum, þökkalega hlýtt og skýjað. Þennan dag var eitthvað smávægilegt af flugu, þetta voru vorflugur og rykmý. Náttúran öll var á iði. Við skoðuðum inni bleikjurnar, þar á meðal var ein sem ældi þegar hún kom á land, flugudrullu, en í maganum voru bobbingar, þetta var eins og hún hefði komist í hlaðborð í fermingarveislu og étið af drekkhlöðnum disk. Ég var þarna einu sinni í maí. Þá var svo mikið klak af flugu að hún hrannaðist upp í skafli í fjörunni og maður óð hana í ökkla – en maður veiddi ekki neitt þann dag.

Nokkrir staðir gefa alltaf fisk, Botnavík og Kaldós, í öllum vindáttum og öllu veðri. Ég var einu sinni inni í botni á Botnavík, það var svo mikið rok að ég var eiginlega hættur, var á gönguskóm, og rokið var svo mikið að ég kom ekki línunni nema rétt út fyrir fjöruborðið. Þá lét ég öldurnar bara bera fluguna að landi og fékk eina rosalegustu bleikju sem ég hef fengið í Hlíðarvatni, fimm pund eða eitthvað svoléiðis. Ég hef aldrei veitt neitt í austurhlutanum þar sem Hafnfirðingarnir eru. Elli var einhvern tíma á Möllinni og þar stóðu menn með rokið í fangid og það var svo hvasst að öldurnar gengu uppá þá miðja, og þá var á í hverju kasti. Við þessar aðstæður getur bleikjan verið uppi í harða landi því stormurinn ber ætíð upp að ströndinni. Það er ekki bara urriðinn sem hagar sér svona, bleikjan í Hlíðarvatni gerir það líka.

Ég hef á tilfinningunni að best sé að veiða frá því um miðjan júní og fram í miðjan júlí. Bleikjan getur verið komin í riðbúning um miðjan ágúst, ef þannig árar. Einu sinni var ég þarna í ágúst og hékk niðri í Botnavík. Það var sérkennilegt að innst í vikinni virkaði botninn svartur, og ég minntist ekki að hafa séð þetta svona áður. Þá fer botninn á hreyfing. Þetta var þá bleikju-torfa, bleikjur hundruðum saman. Ég kastaði á þær öllu sem mér datt í hug en þær litu ekki við því. Ég hef aldrei séð þetta áður, þetta var með ólíkindum. Það heldur manni við efnið að þó hún sýni manni ekki áhuga í augnablikinu þá kemur að því að hún dettur í stuð og þá gildir að vera með færið úti.

Ég veiði bara sirka einu sinni á ári í Hlíðarvatni, en Elli fer mun oftar. Hann dró mig í þennan klúbb á sínum tíma, svo þú ættir frekar að spyrja hann. Elli var að safna pöðdum og taka magasýnishorn og geymdi þetta í ísóprópandi. Hann vissi nákvæmlega hvað þetta hét á latínu og íslensku, vissi allt um líf þessara padda sem fiskurinn gæddi sér á en ég hafði ekki hugmynd

um það. Menn halda kannski að líffræðingur viti eitthvað meira um veiðiskap en aðrir en ég er náttúrlega ekki stígvélalíffræðingur, heldur sloppalíffræðingur, menntaður á rannsóknarstofu, en hann, sálfræðingurinn, er miklu meiri líffræðingur í veiðiskap en ég - þótt undarlegt megi virðast.

Aðrar veiðislóðir?

Veiðisumarið er komið í nokkuð fastar skorður. Ég fer í Hlíðarvatn, Laxá í Mývatnssveit, Veiðivötn, Þverá í Borgarfirði og núna undafarin ár hef ég endað í Selá í Vopnafirði með bræðrum mínum, Grími og Ella. Þetta er rúnturinn en svo dettur eitthvað inn þess á milli eins og t.d. nú í haust þegar Gunnar Helgi vinur minn bauð mér að heimsækja sig í Fróðá.

Fyrst eftir að ég kom úr námi fór ég með Ella bróður og Páli (#420) og Péttri Magnússonum í Flóðið. Síðar bættist vinur minn Jafet Ólafsson (#448) í hópinn. Við vorum í vorveiði og það var rosalega gaman. Í fyrsta túrnunni veiddi ég með spún en þeir á flugur, svo gekk ég í Ármenn. Á þessum tíma var ekki komin brú og ferlegur barningur að komast á veiðislóð. Við þurftum að leggja bílunum uppi í mýrinni og labba alla leið niðureftir, vaða yfir ána og ganga upp að Bátalægi og Efri-skurði. Einhvern tíma fórum við á jeppa. Við festum hann á miðri leið og urðum að skilja hann eftir. Einu sinni lánaði Agnar bóndi á Fossum okkur dráttarvél og heyvagn og þá gátum við farið alla leið upp í Bátalægi á honum. Við vorum að veiða 2-4 punda geldfisk og svo duttu inn í þetta slápar, eða niðurgöngufiskur, sem við slepptum. Svo varð maður afhuga vorveiðinni, fannst að maður ætti ekki að veiða þessa fiska á vorin, og frekar að glíma við þá á haustin.

Svo veiddum við þarna á sumrin og haustin en það varð erfiðara að veiða í Flóðinu eftir því sem á leið sumarið vegna gróðurs. Einu sinni í október var ísskæni á Flóðinu á morgnana og ekki unnt að byrja að veiða fyrr en um hádegi. Við veiddum þarna í mörg mörg ár en smám saman misstum við áhugann og ég veit ekki alveg hvað varð til þess. Kannski kom margt til. Eitthvert vorið voru þarna einhverjir menn sem höfðu veitt fleiri hundrað silunga og sett þá í laxapoka á hlaðinu á Fossum. Þeir voru stútfullir af fiski og litu út eins og risavaxnar pylsur. Maður fékk eiginlega áfall við að sjá þetta.

En kannski hættum við þegar vegurinn varð betri, brúin kom og menn þurftu ekkert á sig að leggja til að fara þarna niður eftir. Þá fannst okkur að við ættum þetta svæði ekki lengur fyrir okkur. Umgengi fór stórlega versnandi og fæstir að veiða á flugu nema við Ármenn. Maður gekk þarna fram á girnisdraesur og jafnvel makrílfötur, sem varð til að sjarminn fór af þessu. Það var ekki endilega að veiðin

Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið

Akureyri: Hornið



Pílagrimsferð í Laxá 18. júní sl. Talið frá vinstri: E. Sæm., Skúli Magnús og #447.

Glöggir lesendur taka eftir snjónum á húddi jeppans og að Skúli Magnús lítur út eins og #447 fyrir 37 árum.

minnkaði en önnur veiðisvæði komu inn, til dæmis Seglbúðasvæðið. Þá fórum við þangað og vorum þar meðan leyfin voru á skikkanlegu verði en síðan var byggt þarna veiðihús og einhverjir gróðarþungar tvöfölduðu verðið. Þá hættum við.

Veiðin í Mývatnssveit byrjaði með því að Elli bróðir bauð mér að koma með sér. Hann var þar með lítinn og harðgerðan hóp í kringum sig og veiðifélagi minn þá var Guðmundur Kristján, eldri sonur minn. Þá var gíst í tjöldum og veður oft mjög rysjótt. Einu sinni vorum við þarna í júní og vorum að reyna að sjóða okkur pylsur og það var svo kalt að vatnið sauð ekki. Þetta var ævintýralega gaman þótt það væri frumstætt. Svo kom veiðihúsið hjá Hólmfríði og það er flott, ekki síst þegar maður lendir í vösbúð, fint að komast í hús. Þarna getur dægursveiflan verið rosaleg, frá 25 gráðu hita yfir daginn og niður í 5 stiga frost á nóttunni. Fyrstu tvö til þrjú árin veiddi ég ekki neitt en ég þráaðist við og núna er þetta fyrir mig eins og fyrir múslima að fara til Mekka.

Uppeldi Ármanna og annarra veiðimanna

Ég fór ekkert í Ármenn til að veiða endilega á veiðisvæðum félagsins heldur fannst mér þessi filósófa skemmtileg, veiða bara á flugu, tilheyra hópi sérvitringa sem höfðu tileinkað sér þennan veiðiskap og eru trúir þessari hugsjón. Ég var duglegur að sækja aðalfundi og fræðslukvöld framanaf. Einhvern tíma fór ég með yngri strákinn, Skúla Magnús, á vorfagnaðinn en hef aldrei farið á litlujól og þorablót. Hann varð að sjá hverskonar félagskap faðir hans var lentur í. Hann getur svo ákveðið sjálfur hvort hann vill verða Árnaður þegar hann eldist.

Maður rekst á alls konar fólk við veiðar. Ekki alls fyrir löngu rakst ég á frétt í Mogganum: Maður hafði séð mink í hyl og náð honum með flugunni. Hann talaði um hvílík skaðræðisskepna minkurinn er en mannskepnan er miklu meiri skaðræðisskepna en nokkurn tíma minkurinn. Maður sér þetta hjá mörgum í Veiðivötnum þar

sem magnið er meira metið en gæðin. Menn eru þarna með heilu balana af fiski. Hvað ætla menn að gera með allan þennan fisk? Kannski þarf maður núna að taka upp nýja siði í kreppunni?

Svo er umgengi manna á veiðslóð mjög misjöfn. Sumir eru almennilegir og deila veiðisögum og reynslu með þeim sem minna víta. Aðrir halda spilunum að sér og jafnvel forðast aðra veiðimenn. Af hverju eru menn að halda því leyndu hvar þeir veiddu, hver er tilgangurinn? Menn halda kannski að fiskurinn sé eins og innistæða á bók, og biði eftir að þeir komi næst?

Ef félagskapur eins og Ármenn gæti bætt eitt-hvað eða breytt mönnum, gert þá tillitssamari, hófsamari og umfram allt skemmtilegri, þá er ekki til einskis að hafa slíkan félagskap. Ég hef kynnst mjög mörgum Ármönnum og þeir hafa umfram allt verið mjög skemmtilegir menn. Ég er reyndar svo lánssamur að vera umkringdur góðum og skemmtilegum veiðimönnum. Þvílík sæla.

Er veiðiskapur fæðgasport, leið föðurins til að hafa góð áhrif á synina?

Fyrir mörgum árum var sýnd hérna mynd með Brad Pitt, A River Runs Through It, sem fjallaði um þetta efni. Fallega tekin mynd sem gefur veiðinni þessa ímynd af helgidómi. Það var þá sem hattatískan kom inn í veiðina hér á landi, og svo fuku þeir allir af mönnum því hér er alltaf hifandi rok, - segir Ari og hlær dátt.

Veiðiskapur er bara hluti af uppeldinu og það fer eftir eigin innrætti hvernig til tekst. Ef þú ert minkur er líklegt að barnið þitt verði minkur, en ef þú ert rólegur og yfirvegaður veiðimaður kennir þú barninu þínu yfirvegum og fyrst og fremst tillitssemi. Þegar Skúli Magnús var að byrja bauð Sigga Hermanns, frænka okkar, okkur fjölskyldunni að veiða í Fremri-Laxá í Svinadal. Þarna er mikið af urriða en tiltölulega smátt. Strákurinn veiddi mjög vel og var hæst-ánægður. Þegar við komum í hús ætlaði hann að fara að sprella í bróður sínum og leika sér.

Þá segi ég við hann: „Ertu ekki að gleyma einhverju? – á ekki að gera að aflanum?“ Hafi hann verið með minkaeðlið í sér þá held ég að ég hafi læknað hann. Síðan hefur hann verið mjög hófsamur í veiðiskap.

Ég var alltaf með veiðidót í bílnum þegar fjölskyldan var á ferðalagi um landið undir því yfirskini að krakkarnir þyrftu að viðra sig. Svo byrjaði ég að veiða með eldri syni mínum en þegar áhuginn dalaði hjá honum þá kippti ég þeim yngri inn og nú fórum við alltaf saman í Mývatnssveitina. Dóttir mín, Guðrún, hafði engan áhuga, var alltaf að spila fótbolta á sumrin. Sá yngri kemur líka með mér í Hlíðarvatn, en Sírrý, konan mín, kemur með í Veiðivötn og í Þverá og þar hefur maður haft tækifæri til að leyfa krökkunum og tengdadótturinni að spreyta sig, og Guðrún kom með í fyrsta skipti í Þverá í sumar og fékk mariulaxinn og þá vorum við í rauninni í fyrsta skipti öll saman í veiðiferð frá því að krakkarnir voru litlir. Það var yndislegt.

Flugurnar?

Þú er þekktur fyrir að gefa vinum þínum listilega fagrar sérhnyttar flugur í afmælisgjöf og kennir þær við afmælisbarnið.

Já, ég hnýtti mikið um tíma. Við byrjuðum saman á þessu, ég og eldri sonurinn, fórum þá á námskeið hjá Róbert Jónssyni og lærðum þetta. Svo fórum við að hnýta okkar eigin flugur en ég var svo mikill rati að ég nennti aldrei að hnýta þessar klassísku flugur, var alltaf að breyta og betrubæta. Fæst af því hefur fest sig í sessi en þó hef ég hannað eina vel heppnaða flugu. Vinur minn, Arnór Sigurjónsson, átti fertugs-afmæli. Við hjónin og Arnór og Guðrún Matt höfum stundum farið einn túr saman á sumrin, en hann er í utanríkisþjónustunni og því stundum óhægt um vik. Ég ákvað að við skyldum gefa honum forlata flugubox, fannst það tómlagt og ákvað að hnýta í það flugu í nokkrum stærðum, og velti fyrir mér hvernig hún ætti að vera. Þá minntist ég þess að hann er liðsforingi úr norskum herskóla, ég hafði séð mynd af honum í hátíðarbúningi liðsforingja og hafði það í

Uppskrift að Lieutenant



Öngull: Laxaönglar nr. 10-12 eða straumfluguaönglar nr. 6-8.
Búkur: Flatt silfurinsel með ávölum silfurvafningum.
Skott: Peacock-fjaðir, 2-6 eftir stærð flugunnar.
Skegg: Rauðar fanir úr hanastéli.
Vængur: Svört hár með gulan marabú yfir.
Haus: Svartur.
Gott er að nota íkornahár í vænginn á laxaflugum en stífar hár í straumflugum, hrosshár eða bjarnarhár. Þessi er grimm í sjóbirtingi og urriða, og hefur veitt bleikju og fullt af laxi.

huga. Flugan heitir því Lieutenant, eða Liðsforingi. Ég hnýti hana bæði sem laxatvíkrækju og straumflugu. Nú er ég eiginlega hættur að hnýta sjálfur. Ég kenndi yngri stráknum að hnýta og hann er miklu duglegri og flinkari en ég og hnýtir núna fyrir okkur báða. Einu sinni fann ég flugubox við Hlíðarvatn, einhvers staðar nálægt húsinu, stórt, og mikið af flugum í því. Ég hugsaði að þetta þætti örugglega einhverjum sárt að missa og fór með það á fund í Árósum, einhvern kynningarufnd og þar er þessi harði kjarni mættur, og ég dreg upp boxið: „Ég fann þetta box við Hlíðarvatn, kannast einhver við það?“ Einn segir: „Má ég sjá,“ og skoðar: „Mikið djöfull eru þetta ljótar flugur, þetta hlýtur að vera boxið hans Stefáns Hjaltested“ – og það kom á daginn.

Með stein í skónum

Í sumar kom út smásagnasafnið *Með stein í skónum* eftir Ara, fyrsta bók höfundar. Hvernig ferðu að því að gefa út heila bók án þess að segja eina einustu veiðisögu?

Ég get náttúrulega sagt helling af veiðisögum en ef grannt er skoðað eru flestar veiðisögur mjög keimlíkar. Menn eru að segja frá glímu við fisk eða frá miklum afla. Ef ég skrifaði veiðisögu mundi ég ekki skrifa um veiðina sjálfa heldur það sem gerist í kingum hana. Segja frá óvæntum atvikum og skemmtilegu fólki. En þetta æxl- aðist bara svona að annað var í huga mínum. Þetta kom þannig til að ég hef lent í því hlutverki að hafa ofan af fyrir fólki í afmælum og á ættarmótum og á einhverjum tímamarki var þetta orðið eins og ég væri að skrifa sögur svo ég ákvað að skrifa bara sögu, fara úr tækifærissæðunni yfir í sögu. Svo sýndi ég Hildi Hermóðsdóttur hjá Sölu forlagi sögurnar og henni leist vel á og hvatti mig til að skrifa meira. Það endaði með að ég var kominn með slatta af sögum sem þóttu útgáfutækar.

Ég var að lýsa þessum sögum fyrir vini mínum, Rudolf Adolffssyni – ég skrifa þetta í gamansömum tón en mig langar til að trúta því sjálfur að í þeim séu einhver skilaboð, ég er að skrifa um hluti sem á einhvern hátt pirra mig pinulítið, ýmislegt í mannlegu eðli – þá segir hann að þetta hljómi eins og ég sé með stein í skónum og ég purfi að losa mig við hann. Ég vona að fólk átti sig á hvaða skilaboð eru í sögunum, ég fjalla þar til dæmis um stríðsbrölt, bókstafstrú, og í einni sögunni er líka tekið á fjölmenningsarsamfélaginu og útlendingahatri – það er tekið á ýmsum hlutum sem ergja mann og maður þurfti að losa sig við.

Nú ætla ég að sjá hverjar viðtökurnar verða. Bókin var gefin út í lok sumars og hefur ekki enn náð augum menningarelitunnar. En hins vegar hef ég fengið mjög jákvæð viðbrögð frá þeim sem hafa lesið bókina. Einhver sagði við mig að ég þyrfti að koma henni í Kiljuna hjá Agli Helgasyni svo ég settist niður og horfði á þáttinn til að sjá hvernig þáttur þetta væri. Þarna sá ég Egil tala við þau Pál Baldvin og Kolbrúnu og þá hugsaði ég: „Kæri ég mig eitthvað um álit þessa fólks?“ Ég held ekki, ég hef sjaldan heyrt annað eins rugl, það var með ólíkindum.

Í nokkrum sögunum er sögusviðið lítið þorp við sjó þar sem ungur drengur lendir í hremmingum og talar við Guð. Viltu upplýsa nánar um það?

Ég dvaldi sem krakki öll sumur á Blönduósi hjá frændfólki mínu frá sjö ára aldri og þangað til ég er tólf ára. Ég er ættaður frá Húnsstöðum, og Húnsstaðaættin tengdist Hjaltabakkaætt í gegnum Þorgerði, föðursystur mína, sem var gift Hermanní Þórarinssyni frá Hjaltabakka. Þessir bæir eiga stóran hluta í Laxá á Ásum, og hin föðursystir mín, Magdalena, átti ítök í Orrastaðalandi við Fremri-Laxá í gegnum sinn mann Þormóð Sigurgeirsson. Það voru lögð net í vötn og sjó, mikið farið fram á Auðkúluheiði til veiða og það var veitt til matar, reykt og saltað, fiskur í alla mata. Ég man eftir þaðkerinu í Sæmundsenhúsi (Aðalgötu 2) á Blönduósi fullu af laxi, og það var sko enginn smálag, heldur fullvaxnir drekar. Ég hef verið 7 ára þegar ég fékk minn fyrsta lax. Ég bara fæddist inn í þetta, við veiddum í Fremri-Laxá, krakkaskrillinn, og við veiddum í sjó og meira segja í Blöndu þar sem hún rann gegnum þorpið, og maður var alltaf blautur upp í klof. Við fengum reyndar engan lax í Blöndu en ég man varla eftir mér öðru vísi en í fiski.

En hvar kemur Guð til skjalanna? Er eitthvað trúarlegt við veiðiskap?

Bubbi segir það: Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð. Fyrir marga er veiði eins og trúarbrögð og vissulega má segja að veiði geti verið með trúarlegu ívafi. Ég nefndi áðan að Laxá í Mývatnssveit væri sjálfsagt mörgum silungsveiðimanninum eins og Mekka múslímanum. Ég get sagt þér að alltaf þegar við fegðar komum yfir Reykjadalshæðina á leið í Laxá þá stoppum við í brekkunni, á bílastæðinu sem þar er, teygjum úr okkur og horfum yfir svæðið, yfir Helluvaðs- og Hofsstaðaland, Brotafloann, Steinbogaey, Hofsstaðaey og alla þessa staði. Fyrir tveimur árum stoppum við að vanda og virðum þögulir fyrir okkur dýrðina. Þá segir Skúli Magnús allt í einu: „Ef það er til Paradís, þá er þetta hún.“ Ég hef ekki heyrt nokkru veiðisvæði lýst eins skilmerkilega.

#643 skráði

Fyrirliggjandi vetrardagskrá í Árósum 2008-2009

Föstudagskvöldið 21. nóvember kl. 20

Myndir á þili, skemmtikvöld með léttum veitingum og ívafi, þar sem maður verður manns gaman.

Sunnudaginn 7. desember kl. 14

Aðventukaffi. Gylfi Pálsson flytur hugleiðingu.

Miðvikudagskvöldið 7. janúar kl. 22

Lokaskil veiðileyfaumsókna

Mánud.-miðvd. 26.-28. janúar kl. 20-22

Afgreiðsla veiðileyfa

Laugardagskvöldið 30. jan. kl. 20

Þorablót

Miðvikudagskvöldið 11. febrúar kl. 20

Aðalfundur

Laugardaginn 18. apríl kl. 14

Vorblót

Helgin 25.- 26. apríl

Hlíðarvatnshreinsun

Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00: Hnýtingakvöld og fleira gott.
Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00: Opið hús eða nánar auglýst dagskrá.